

Ársskýrsla 2015



Hér birtist ársskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2015. Hér er fjallað um starf skólans út frá skólasamningi og prófaleyðublaði skólans.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Á vorönn 2015 voru nemendur við skólann 167. Þar af voru 82 karlar og 85 konur. Um 25% nemenda voru eldri en 20 ára og um 21% búsettir utan sveitarfélagsins. Til stúdentsprófs voru skráðir 81 og flestir á náttúru- og raunvísindabraut eða 30. Á hug- og félagsvísindabraut voru 28, 20 voru á kjörnámshraut og þrjú á gömlu félagsfræðabrautinni. Á framhaldsskólabraut voru 33, 10 í vélstjórnarnámi, 14 í tækniteiknun og 4 voru í byrjun annar skráðir í fjallamenskunám. Fjallamenskunámið fór af stað en kennslu var hætt þegar tveir nemendur hættu við að stunda það. Á vorönninni voru 24 á starfsmannalista. Kennarar í fullu starfi voru 10 og í hlutastarfi voru sex. Aðrir starfsmenn voru sex og þar af þrjú í fullu starfi og tveir eru húsverðir í Nýheimum sem sinna húsvörslu og þrífum í skólanum.

Á haustönn 2015 voru 154 nemendur við skólann og á starfsmannalista voru 23 nöfn. Kennarar í fullu starfi voru 10 og 5 voru í hlutastarfi. Aðrir starfsmenn í fullu starfi voru 2 og 3 að auki í hlutastarfi. Auk þess eru í Nýheimum tveir húsverðir sem sjá um ræstingu og húsvörslu fyrir skólann. Kynjaskipting var þannig að 73 karlar og 81 kona voru á nemendalista. Um 36% nemenda voru eldri en 20 ára og um 27% búsettir utan sveitarfélagsins. Flestir nemendur voru skráðir í nám til stúdentsprófs eða 73 alls. Þar af 36 á hug- og félagsvísindabraut, 18 náttúru- og raunvísindabraut og 19 voru með aðrar áherslur og skráðir á kjörnámshraut. Til framhaldsskólaprófs var skráður 21 nemandi, 11 í vélstjórnarnámi, 14 í tækniteiknun, 11 í fjallamenskunámi og aðrir í ótilgreint nám.

Námsframboð:

Gengið var frá skipulagi stúdentsnáms, framhaldsskólabrautar og fjallamenskunáms samkvæmt nýrri námskrá. Skipulag námsins var samþykkt í lok vorannar og á haustönn var kennt samkvæmt nýju skipulagi. Stúdentsnámið er 200 einingar og miðað við að nemendur ljúki því á sex önnum; sumir geta þó lokið því á skemmri tíma og aðrir á lengri tíma líkt og verið hefur. Boðið er upp á þrjú brautir í stúdentsnámi. Ein braut er með áherslu á hug- og félagsvísindi. Á annarri er lög áhersla á náttúru- og raunvísindi en á þeirri þriðju sem heitir kjörnámshraut, er sérhæfingin valin í samráði nemanda og skóla. Þar getur verið um að ræða sérhæfingu í starfstengdu námi, listum eða öðru því sem hugur nemanda stendur til.

Einingum í framhaldsskólalárinu var fækkað úr 120 í 90 en áfram miðað við að ljúka náminu á tveimur árum. Bætt var við fimm einingum í íslensku í kjarna og hann varð því 20 einingar í stað 15 áður. Á móti var einingum í bóklegu námi fækkað úr 25 í 20. List- og verknám var aukið úr 20 einingum í 30 og miðað við að nemendur velji sér þrjú 10 eininga línur hið minnsta. Óbundið val er svo 20 einingar. Strax um haustið var lögð áhersla á að nemendur sem voru búnir að vera eitt ár eða lengur á framhaldsskólabraut lykju henni um vorið 2016 og um tíu nemendur vour skráðir sem útskriftarnemendur af framhaldsskólabraut.

Fjallamenskunámið var endurskipulagt með það í huga að ná betur til yngri nemenda en í eldra skipulagi var miðað við að nemendur væru orðnir 18 ára. Jafnfarmt var gert ráð fyrir að sérgreinar brautarinnar dreifðust á fjórar annir en ekki tvær eins og í fyrra skipulagi.

Einungis fjórir nemendur sóttu um nám á brautinni með þessu nýja skipulagi og einn þeirra hóf ekki námið þegar til átti að taka og aðrir heltust úr lestinni fljótlega. Það reyndi því ekki á nýtt skipulag námsins en vinna fór þegar af stað við að ná betur að mæta þörfum nemenda og fyrirtækja fyrir menntu á sviði fjallamennsku.

Nám á A-stigi vélstjórnar er enn samkvæmt eldri námskrá og einnig nám í tækniteiknun sem er boðið upp á í gegnum Fjarmenttaskólann í samvinnu við Tækniskólann og samkvæmt þeirra námskrá.

Á haustönn var unnið að því að endurskoða fjarnám og fjarkennslu við skólann með það í huga að fjölga fjarnemum við skólann þannig að hægt verði að tryggja þá breidd í

kennarahópnum sem nauðsynleg er til að halda úti því námi sem boðið er upp á við skólann.

Framkvæmd markmiða:

Í viðauka Skólasamnings 2013-2015 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og skólans eru sett fram markmið í sex liðum. Markmiðin eru tímasett frá árinu 2013 til 2015. Flestar tímasetningarnar eru á árunum 2013 eða þrettán og 2014 alls sex sinnum. Árið 2015 er einungis tilgreint einu sinni í viðaukanaum. Fjallað var um markmiðin í ársskýrslum 2013 og 2014. Í þessari skýrslu verður einkum skoðað hvort og hvernig markmiðin hafa náðst í heild. Rétt að geta þess að samningurinn hefur ekki verið endurnýjaður eða uppfærður en fyrir dyrum stendur að taka upp nýtt skipulag vegna nýrra laga um ríkisfjármál.

1. Klára endurskoðun aðalnámskrár á vorönn 2013

a. Birta og taka upp skólanámskrá sem er í samræmi við almennan hluta aðalnámskrár, frá haustönn 2013

b. Óska eftir staðfestingu á öllum námsbrautum á vorönn 2013, enda verði þær allar komnar í námskrárgrunn

c. Klára endurskoðun á sjálfsmatskerfi á haustönn 2013 og vinna eftir því frá skólaárinu 2013-2014

Námskrárvinnu samkvæmt nýjum lögum og aðalnámskrá lauk á vorönn 2016 eða nokkru síðar en upphafleg markmið gerðu ráð fyrir. Tafirnar má einkum rekja til þess að kerfið ráðuneytis var seinna tilbúið og svörin seinni en einnig var fjárhagur skólans á árinu 2013 með þeim hætti að erfitt var að fjármagna þá vinnu sem þurfti í verkið. Skólanámskrá var birt á vef skólans á vorönn 2016. Staðfesting á námsbrautum barst frá ráðuneyti um mitt árið 2015 og endurskoðun á sjálfsmatskerfi lauk á haustönn 2015. Áfram er þó unnið að endurskoðun á skólanámskrá og sjálfsmatskerfi og þá einkum til að gera hlut nemenda í mótun þeirra ríkari. Einnig er unnið að endurskoðun á fjallamenskunáminu til að freista þess að fá inn í það fleiri nemendur.

2. Auka listnám, verknám og skapandi greinar í FAS í samvinnu við Vöruhúsið á árinu 2014

Þetta markmið náðist á tilskyldum tíma. Nú er boðið upp á reglulega kennslu í ljósmyndun, sjónlistum, fatasaumi og kvikmyndagerð, matreiðslu, leiklist, frumkvöðlafræði, grunnteikningu, rafmagnsfræði, málamsíði og vélstjórnargreinum. Flestar eru þessar greinar kenndar í Vöruhúsinu þar sem skólinn hefur komið sér upp aðstöðu í samvinnu við sveitarfélagið og fyrirtæki í sakapandi greinum. Á haustönn var Fab-Lab aðstaðan í Vöruhúsinu nýtt til kennslu í frumkvöðlafræði. Erindi hefur verið sent í ráðuneyti menntamála og það ítrekað um að skólinn eignist hlut í Vöruhúsinu til að byggja upp með varanlegum hætti list- og verknám við skólann en því hefur ekki verið svarað. Brýnast er að byggja upp kennslueldhús í tengslum við matarsmiðju fyrir frumkvöðla og unnið var að því á haustönn 2015 án þess að hafa náð eyrum fjárveitingavaldsins.

3. Starfsnám í samvinnu við aðra framhaldsskóla:

a. Halda áfram samræðum við framhaldsskóla á Austurlandi og mmrn um myndfundabré með það að markmiði að aðgangur að búnaðinum verði að veruleika á árinu 2013

b. árið 2013 verði leitað eftir samstarfi við Fjölbrotaskóla Snæfellinga og Menntaskólann á Tröllaskaga um nám í fiskvinnslu

c. komið á námi í fiskvinnslu árið 2014

d. Komið á samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki á Suðausturlandi á vorönn 2013 með það að markmiði að vinna að menntastefnu í ferðaþjónustu

e. Námskeiðahald í samræmi við menntastefnu ferðaþjónustufyrirtækja árin 2013 og 2014

f. Komið á almennu námi í ferðaþjónustu árið 2015 sem byggir á menntastefnu fyrirtækja og námskeiðahaldi 2013 og 2014.

g. Koma á samstarfsvettvangi framhaldskólanna frá Húsavík að Hornafirði á árinu 2013 með það að markmiði að meta og endurskoða samstarf

Í markmiði 3.a er fjallað um myndfundabré. Það mál var klárað hálf leið á árinu 2013 samanber ársskýrslu það ár, en síðan hefur notkun á myndfundabúnaði við kennslu að mestu verið hætt og því má segja að það sé ekki lengur á dagskrá.

Markmið 3.b og c er um fiskvinnslunám. Þau áform sem þar voru sett fram náðu ekki fram að ganga en unnið var að markmiðunum í samvinnu við Fisktækniskólann en það var þó ekki fyrir en árið 2016 að nám komst á sem verður þá til umfjöllunar í ársskýrslu 2016.

Í markmiðum 3. d, e, og f er fjallað um nám í ferðaþjónustu. Þau áform hafa ekki gengið eftir. Samræður voru á árinu um uppbyggingu náms í ferðaþjónustu við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands í Nýheimum, Ríki Vatnajökuls og Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi en þær samræður leiddu ekki til formlegra verkefna á árinu 2015 en náðu þó að þroskast á árinu 2016.

Liður g fjallar um samstarf framhaldsskóla á austurhluta landsins. Sú endurskoðun ásamt áformum í markmið 4 komu fram í þróun Fjarmentaskólans sem nú er orðinn vettvangur 13 framhaldsskóla á landsbyggðinni.

4. Fjarnám til stúdentsprófs í samvinnu við aðra framhaldsskóla

a. Á vorönn 2013 hafi FAS frumkvæði að samstarfi við FSN, MTR og ME um endurnýjun á umsókn um fjarnám til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði

b. Árið 2014 verði unnið að endurskipulagningu og útvíkkun á fjarnámi til stúdentsprófs í FAS

Fjarmentaskólinn, klasi námstækifæra og samstarfshattur framhaldsskóla á landsbyggðinni festi sig í sessi á árinu 2015. Unnið var að tveimur þróunarverkefnum starfsárið 2014 til 2015 sem lauk með ráðstefnu í Borganesi í apríl 2015. Verkefnin voru annars vegar um uppbyggingu starfsnáms og hins vegar um samstarf um kennslu. Stjórn Fjarmentaskólans sem samanstendur af skólameisturum aðildarskólanna hittist á reglulegum símafundum og haldinn var ársfundur að loknum samráðsfundi ráðuneytis og framhaldsskóla á Selfossi í október. Segja má að Fjarmentaskólinn byggir á þremur stöðum. Í fyrsta lagi sameiginlegu starfsnámsframboði sem byggir á fjar- og lotunámi. Í öðru lagi miðlun náms og kennslu á milli skóla og í þriðja lagi er Fjarmentaskólinn samráðsvettvangur skóla á landsbyggðinni sem að mörgu leyti glíma við sömu eða sambærileg úrlausnarefni.

Með Fjarmentaskólanum hefur að gert meira en að ná fram áformum sem sett voru fram í markmiðum 3 g og 4 a og b.

5. Fjallamennskunámið

a. Óska eftir staðfestingu námsbrautarinnar á vorönn 2013

b. Koma á samstarfi við erlenda skóla um fjallamennsku á árinu 2014

Markmið 5. a gekk eftir þegar brautin fékkst staðfest, ásamt öðru námi við skóla um mitt árið 2015. Þar sem botninn datt úr náminu á haustönn 2015 vegna fárra nemenda er þó unnið að allsherjar endurskoðun á náminu og hluti af þeirri vinnu er tenging sem hefur náðst við University of the Highlands and Islands í Skotlandi. Endurskoðunin fór af stað á haustönn 2015 og hefur haldið áfram á árinu 2016.

6. Taka upp skráningarkerfi á brottfalli, frá vorönn 2013, í samræmi við eyðublað frá

mmrn

Markmið 6 hefur að fullu gengið eftir.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Þessi hluti er tekin upp úr sjálfsmatsskýrslum 2014-2015 og 2014-2015. Umbótaþættir sjálfsmats snéru að eftirfarandi þáttum:

- Líðan nemenda
- Lesstofuskylda
- Verkefni og þrep
- Fjarnám við skólann

Líðan nemenda

Á vorönn 2015 var lagt fyrir nemendur skólans skimunarpróf þar sem spurt var um tilfinningar þeirra og líðan. Eftir að niðurstöður lágu fyrir var haft samband við þá nemendur sem skoruðu yfir viðmiðunarmörkum og farið yfir niðurstöðurnar með hverjum og einum. Í framhaldi af því var ákveðið að halda námskeið haust 2015 í hugrænni atferlismeðferð fyrir þá nemendur sem skoruðu utan viðmiðunarmarkna sem miðar að því að bæta líðan þeirra. Skimunarprófið er nú orðið hluti af námsmati skólans og er það lagt fyrir annað hvert ár.

Lesstofuskylda

Haustið 2013 var tekin ákvörðun um að mæting á lesstofu yrði hluti af einkunn nemenda í hverjum áfanga og myndi gildi 5% af heildareinkunn áfangans. Ástæðan var fyrst og fremst vegna þess að nemendur voru ekki nægilega virkir fyrir utan kennslustundir. Markmiðið með lesstofuskyldunni er að auka virkni nemenda utan kennslustunda og skapa þann vinnumóral að vinna nemenda fari fram á skólatíma og í skólanum sjálfum. Lítil nýting til náms á lesstofunni á sínum tíma var einnig ein af ástæðum þess að ákveðið var að gera nám nemenda FAS á lesstofu að skyldu enda var það mat kennara á þeim tíma að breyta þyrfti viðhorfi nemenda til lesstofunnar og nýtingu þeirra á henni.

Í dag er ástandið allt annað. Þrátt fyrir talsverða óánægju nemenda er lesstofan mikið notuð af þeim til náms. Starfsfólk skólans hefur tekið eftir því að hægt og sígandi hafa nemendur nýtt sér lesstofuna í sífellt meira mæli á prófatíma en vert er að geta þess að ekki er skylda að mæta á lesstofuna þegar próf eru í gangi. Fyrir tíma lesstofuskyldunnar voru það eingöngu örfáir nemendur sem nýttur sér lesstofuna til náms á prófatíma. Í dag er raunin önnur. Lesstofan er mikið notuð og nemendur vinna mikið saman að prófaundirbúningi. Það er því mat starfsfólks skólans að mikilvægt sé að halda lesstofuskyldunni áfram að sinni en endurmeta stöðuna reglulega.

Verkefni og þrep

Vorið 2015 var ákveðið að setja saman rýnihóp nemenda til að skoða viðhorf þeirra til nýrrar námskrár og hvort þrep og kröfur í áföngum héldust í hendur. Í ljós kom að nemendur töldu að kröfur og álag í áföngum færi fyrst og fremst eftir kennurum en ekki eftir þrepum. Að þeirra mati virtist lítil tengsl á milli mismunandi þrepa og þeirra krafna sem gerðar voru í áföngum. Ákveðið var að bregðast við þessum niðurstöðum og vinna markvisst að því að samræma kröfur þannig að álag og kröfur verkefna í áföngum væri þrepatengt. Á kennara- og faggreinafundum var unnið með þessar niðurstöður. Kennarahópurinn skoðaði t.a.m. í sameiningu verkefni í ólíkum fögum og reynt að staðsetja verkefnin með tilliti til þrepanna þriggja. Kennarar voru sammála um að eftirfarandi atriði yrðu að koma fram í verkefnalýsingu:

1. Þekkingar-, leikni- og hæfni viðmið verkefnisins

2. Prep verkefnis
3. Námsmat verkefnis

Áfangamat nemenda tók mið af umbótamatinu og var með því reynt að meta vinnuálag og kröfur með tilliti til þrepa. Þegar niðurstöður áfangamats er skoðaðar heildrænt lítur út fyrir að gott samræmi sé á milli þrepa og að tengsl séu á milli þrepa og námskrafa í áföngum.

Fjarnám við skólann

Undanfarin ár hafa nemendum í FAS fækkað jafnt og þétt. Til að bregðast við þessari þróun var ákveðið að efla fjarnám við skólann með það að markmiði að fjölga nemendum. Þessi stefnubreyting merkir að kennarar þurfa að skipuleggja nám nemenda með tilliti til þessa. Hugmyndin var kynnt haust 2015 og fór þróunarvinna af stað á vorönn 2016.

Úttektir:

Á hverju ári stendur SFR fyrir kjöri á stofnun ársins. Í ár fékk FAS tvær viðurkenningar. Annars vegar fékk skólinn viðurkenningu sem hástökkvari ársins og hins vegar lenti skólinn í 5. sæti sem stofnun ársins með 20 – 49 starfsmenn. Viðurkenningar þessar sýna ljóslega að starfsfólki skólans líður vel á vinnustaðnum, starfsandinn og vinnuskilyrði eru góð. Þessi niðurstaða rímar vel við niðurstöðu viðhorfsskönnunarinnar sem lögð var fyrir kennara á þessu skólaári.

Afkoma, rekstrarstaða:

Rekstur skólans á árinu gekk vel og var afgangur af rekstri eins á árinu 2014. Sértekjur jukust úr 8,7 milljónum árið 2014 í 12,6 milljónir árið 2015. Rekstarafgangurinn var um 11,8 milljónir sem er uppundir jafnhá upphæð og sértekjur. Sértekjur eru einkum styrkir vegna erlends samstarfs og annarra þróunarverkefna. Við þetta hefur skapast rými til að endurnýja búnað og hefur endurnýjun á tölvubúnaði verið töluverð.

Brotthvarf:

Teknar eru saman brotthvarfstölur reglulega fyrir hverja önn samkvæmt samræmdu skráningarfyrríkomulagi í framhaldsskólum landsins. Þar er meðal annars verið að leita að ástæðum brotthvarfs.

Tölur um brotthvarf nemenda á vorönn 2015 sýna að alls hurfu 11 frá námi, eða tæp 7% nemenda. Þar er „fór að vinna“ ástæðan hjá sex þeirra. Hjá tveimur er tilgangleysi náms ástæðan, tveir fóru í annan skóla og hjá einum voru námsörðugleikar ástæðan.

Brotthvarf á haustönn 2015 var þannig að alls hurfu fimm nemendur á brott frá námi á önninni sem er rúmlega 3%. Ástæðan hjá einum var vinna en fjórir aðrir nefndu *önnur ástæða* og þar voru nefndar skýringar eins og annir og fjárhagsstaða. Vinna er greinilega stóra skýringin á þessu brottfalli. Innan skólans hefur einnig verið lagt mat á hve hátt hlutfall þeirra sem skrá sig í upphafi annar ljúka námi í viðkomandi áfanga. Tölurnar þar eru 11% á vorönn og 17% á haustönn, samanber sjálfsmatskýrslur.

Stjórnun:

Stjórnun skólans á árinu 2015 var með hefðbundnum hætti. Samanber skipurit skólans þá einkennist stjórnunin að mestu leyti af tveimur lögum þar sem starfsmenn heyra beint undir skólameistara. Kennarar og aðrir starfsmenn hafa þó hver sitt starfssvið og bera þar mismikla ábyrgð. Þannig er starfsmaður sem er áfangastjóri í hlutastarfi og gegnir einnig hlutverki aðstoðarskólameistara. Annar kennari sér um erlend samskipti. Sá þriðji er sérstakur tengiliður við list- og verkgreinastarfið sem fram fer í Vöruhúsinu. Þannig mætti áfram telja upp útteilingu ábyrgðar og starfssviða innan skólans. Fjöldi stundakennara er misjafn eftir

önnum og umfangi kennslu en kennarar í fullu starfi kenna iðulega fleiri en eina grein og hafa oft með höndum önnur verkefni einnig.

Samvinna við aðra:

Eins og kemur fram í fyrri ársskýrslum þá er samvinna við aðra eitt meginneikenni skólans. Má þar nefna:

-Samstarf um Þekkingarsetrið Nýheima sem var formgert 2013 og var 2014 fyrsta starfsárið. Á þeim vettvangi var unnið að fjölbjóðlega verkefninu *Opposing force* sem snýst um að auka samfélagsþátttöku ungs fólks í sinni heimabyggð.

-Vöruhúsið. Það er sameiginlegur vettvangur grunnskóla, framhaldsskóla, starfandi fyrirtækja og einstaklinga hvað varðar skapandi greinar.

-Framhaldsfræðslan. Í samstarfi innan Nýheima hefur verið kom á virkri tengingu við Háskólafélag Suðurlands og Fræðslunet Suðurlands.

-Fjarmenntaskólinn. Í því samstarfi eru nú 13 framhaldsskólar víðs vegar um landið, í öllum landsfjórðungum. Þar er unnið að því að auka framboð og aðgengi nemenda að starfsnámi, þróa fjarkennslu í almennum greinum og að styrkja skólana með almennu samráði.

- Nemendur í FAS og í Menntaskólanum á Egilsstöðum heimsóttu í mars skóla í Trier í Þýskalandi og í september komu svo nemendurnir frá Trier til Íslands en samvinna á milli þessara skóla og einnig Verkmenntaskóla Austurlands hefur staðið yfir í mörg ár.

- Tvö Evrópsk samstarfsverkefni fóru af stað á haustönn. Annars vegar samstarf við framhaldsskóla í Póllandi þar sem nemendur vinna sameiginlega að verkefni undir heitinu *Your health is your wealth* og byggir á gagnkvæmum heimsóknum. Hitt verkefnið er yfirfærsla á verkefni sem lítur að því að nota ljósmyndir til hjálpa ungu fólki að velja sér starfsvettvang.

- Á vorönn var settur upp söngleikur í samvinnu við Leikfélag Hornafjarðar og Tónskóla Hornafjarðar en slíkt samstarf hefur verið við líði í mörg ár; á hverju ári með Leikfélaginu og svo einnig með Tónskólanum þegar söngleikir eru settir upp.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:

Í skólasamningi eru ekki tilgreind nein sérstök verkefni né sérsvið umfram þau sem hafa verið tíunduð hér að framan.

Október 2016, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari